

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2019****2019/EES/57/21****frá 11. apríl 2019****um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/544 frá 3. apríl 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/2031 um ákvörðun á jafngildi regluramma sem gildir í takmarkaðan tíma um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bcaw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2031) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 D 0544:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/544 frá 3. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 95, 4.4.2019, bls. 9).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/544, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. apríl 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 95, 4.4.2019, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.